



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/204

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/191*  
*komudagur 21.11.2002*

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

19. nóvember 2002


**Efni: Um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 215. mál, heildarlög.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 6. þ.m., var leitað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki. Af þessu tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Með frumvarpi þessu er ætlunin að sameina i heildarlöggjöf ákvæði, er snúa að starfsemi fjármálafyrirtækja. Með fjármálafyrirtækjum er í frumvarpinu átt við viðskiptabanka, sparisjóði, lánaþyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða. **Frumvarpinu er ekki ætlað að taka til váttryggingastarfsemi.**
2. Með sameiningu löggjafar um starfsemi allra þeirra aðila, sem falla undir hugtakið fjármálafyrirtæki, er ætlunin að gera löggjöfma um íslenska fjármálamarkaðinn einfaldari og skilvirkari. Í tengslum við samningu þessa frumvarps var kannað, m.a. af sérstökum vinnuhópi, hvort fella bæri ákvæði varðandi váttryggingarekstur inn í þetta frumvarp um fjármálafyrirtæki, en þau eru nú aðallega að finna í lögum um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 með síðari breytingum. Varð niðurstaðan sú að gera slíkt ekki. Er það að vonum, enda starfsemi váttryggingafélaga í grundvallaratriðum frábrugðin starfsemi annara aðila, sem falla undir samheitið fjármálafyrirtæki skv. frumvarpi þessu, s.s. banka og sparisjóða. Hagræðið af slíkri lagasmíð væri torséð, hvorki fyrir váttryggingafélögin og viðskiptamenn þeirra né fyrir hinn opinbera eftirlitsaðila.

3. Stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) hefur jafnan verið þeirrar skoðunar, að atriði sem snúa að lögmæltum formkröfum, réttindum og skyldum skuli eins og við getur átt vera samræmdar milli allra aðila, sem fást við fjármálaþjónustu. Meðal slíkra atriða eru ákvæði er snúa að starfsleyfi, félagsstofnun, starfsheimildum, eignarhlutum og meðferð þeirra, stjórnnum féлага og loks um eftirlit og viðurlög. Í þessu frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki er tekið á þessum atriðum á samræmdan hátt fyrir þau fjármálafyrirtæki, er undir frumvarpið falla. Sýnist þar vel að málum staðið, og raunar virðist almennt sem vandað hafi verið til þessa frumvarps. Þykir stjórn SÍT í senn eðlilegt og æskilegt, að í kjölfar lögfestingar þessa frumvarps, verði strax hafist handa við endurskoðun laga um váttryggingastarfsemi. Við þá endurskoðun verði efnisatriði á borð við þau, er hér að framan voru nefnd, einkum tekin til athugunar og þau samræmd löggjöfinni um fjármálafyrirtæki.

Með vinsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

  
Sigmar Ármannsson